

# Vinnusálfræði

## E-507-VINN



**Ár:** 2. eða 3. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 3 stundir á viku í 15 vikur.

**Kennari:** Freyr Halldórsson

**Lýsing:** Vinnusálfræði er hagnýt grein sálfræðinnar sem leitast við að nýta vísindalega þekkingu um hugsun og hegðun folks til að skoða og leysa vandamál innan fyrirtækja. Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum grunnatriði í vinnusálfræði og hvernig hægt er að nýta vinnusálfræði í fyrirtækjum. Fjallað verður um um starfsgreiningar, val og ráðningar, frammistöðu og frammistöðumat, hvatningu og starfsskipulag, þjálfun og starfsþróun, vinnustreitu, vinnuhópa og teymi, hlutverk leiðtoga, breytingastjórnun og fleira.

**Lærdómsviðmið:** Að námskeiði loknu á nemandi að geta:

- Útskýrt hvað vinnusálfræði er, tilgang fræðanna og helstu viðfangsefni.
- Sagt frá helstu hugtökum, kenningum og aðferðafræði í vinnusálfræði.
- Nýtt sér kenningar og hugtök vinnusálfræðinnar til að greina og skilja hagnýt vandamál tengd mannlegum þáttum á vinnustað.
- Metið og túlkað rannsóknir og rannsóknarniðurstöður á sviði vinnusálfræði.

**Námsmat:** Einkunn byggist á prófum, hópverkefnum og þátttöku í tímaverkefnum.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópverkefni, þátttaka í tímaverkefnum.

**Tungumál:** Íslenska.

**ECTS:** 6.